

Minnisblað

Viðtakandi: Menningar- og lýðræðisnefnd

Efni: Viðburðir í aðdraganda jóla og þrettándinn

Dags: 1. nóvember 2024

Málsnúmer: 202411014

Sendandi: Auður Halldórsdóttir, forstöðumaður bókasafns og menningarmála

Ljósinn tendruð á jólatré Mosfellsbæjar á Miðbæjartorgi

Fyrirhugað er að tendra ljósinn á jólatrénu á Miðbæjartorgi laugardaginn 30. Nóvember, daginn fyrir fyrsta í aðventu. Dagskrá hefst kl. 16 og með svipuðu sniði og fyrri ár.

- Skólahljómsveit Mosfellsbæjar.
- Barnakór Lágafellsóknar.
- Forskóladeild Listaskólans.
- Söngkonan Guðrún Árný Karlsdóttir.
- Leikskólabörn tendra ljósinn á trénu.
- Jólasveinar frá Leikfélagi Mosfellssveitar sprella, dansað í kringum tréð og sveinar gefa börnum mandarínur.
- Að dagskrá lokinni mun Mosfellskórinn taka lagið inni í Kjarna, Afturelding selur þar kakó, kaffi og vöffur.

Hlégarður

Hlégarðstún verður prýtt jólaljósum en hugmyndin um Jólagarð við Hlégarð var ein af þeim hugmyndum sem kosnar voru til framkvæmdar í lýðræðisverkefninu Okkar Mosó 2021. Boðið verður upp á upptökur í garðinum á aðventu og tilvalið fyrir fjölskyldur að upplifa ljósadýrðina og skapa minningar á aðventunni.

Jólamarkaður var haldinn í félagsheimilinu Hlégarði í fyrra og tókst vel til. Nú er fyrirhugað að endurtaka leikinn og unnið er að undirbúningi markaðarins.

Fjölbreytt starfsemi er í Hlégarði á aðventu eins og aðra mánuði ársins. Listaskóli Mosfellsbæjar heldur sína jólatónleika, boðið er upp á skötu á Þorláksmessu og haldið verður áramótaball, svo eitthvað sé nefnt.

Áramót

Fyrirhugað að áramótabrenna verði með svipuðu sniði og fyrri ár. Afturelding hefur séð um utanumhald brennunnar.

Bókmenntahlaðborð Bókasafns Mosfellsbæjar

Bókmenntahlaðborð Bókasafns Mosfellsbæjar verður haldið fimmtudaginn 28. nóvember 2023.

Íslenskufraeðingurinn Katrín Jakobsdóttir stýrir umræðum við höfunda. Dagskrá er í mótun.

Þrettándahátíðarhöld

Þrettándann ber að þessu sinni upp á sunnudegi. Fyrirhugað er að hafa dagskrá með svipuðu sniði og hefur verið.

*Virðingarfyllst,
Auður Halldórsdóttir,
Forstöðumaður bókasafns og menningarmála*